

# Endur- komuleið fyrir öryrkja





# Staðan í dag

Öryrkjar eru afar fjölbreyttur hópur sem eiga ekki endilega margt sameiginlegt innbyrðis annað en þörf fyrir fjárhagslegan stuðning þar sem ástæður fyrir örorku eru einstaklingsbundnar og þarfir einstaklinganna mjög mismunandi.

## Nokkrar tölulegar staðreyndir má draga fram um hópinn

- Örorkulífeyrisþegar hjá TR voru 19951 í janúar 2021 (fækkaði um 151 milli ára).
- Miðgildi réttinda 2020 voru um 245 þús. kr. hjá körlum en 247 þús. kr. hjá konum
- Réttindi í hæstu tíund eru 346 þús. kr. Í lægstu tíund 100 þús. kr.
- Miðgildi réttinda plús tekna var 346 þús. kr.
- Nýgengi örorku 2020 var 1279. (2019 var nýgengi 1273)
- Árið 2019 fengu 10082 einstaklingar greiddan örorkulífeyri, bæði frá TR og lífeyrissjóðum, en 9892 örorkulífeyrisþegar fengu einungis greiðslur frá TR.
- Árið 2019 voru greiðslur örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum 24,4% af greiðslum samtals.
- Samtals greiddu lífeyrissjóðir 20.558 m. kr. í örorkulífeyri árið 2019 meðan TR greiddi 63.824 milljónir kr.
- Meðalgreiðsla úr lífeyrissjóðum var tæpar 170 þús. kr. á mánuði.

Núverandi kerfi örorkulífeyris á Íslandi byggir á tveimur meginstoðum, örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum og örorkulífeyri og tengdum greiðslum frá Tryggingastofnun. Þessar tvær meginstoðir vinna saman en þær byggja á mismunandi forsendum. Stoð almannatrygginga hefur framfærsluþörf sem útgangspunkt en stoð lífeyrissjóða er hugsuð út frá tryggingaþörf.

## Stoð almannatrygginga er samsett af 6 tegundum aðstoðar

- Örorkulífeyrir sem er ekki skertur vegna örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum og sambærilegs. Frítekjumörk eru vegna atvinnutekna og fjármagnstekna en síðan 25% skerðingarhlutfall.
- Aldurstengd örorkuuppbót en hún er hlutfall af örorkulífeyri sem lækkar eftir aldri. Hlutfallið er 100% fyrir 18-24 ára og t.d. 15% fyrir 40-45 ára.
- Tekjutrygging með frítekjumarki vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Skerðingarhlutfall 38,35% en þak er á skerðingarhlutfalli og samhlöggð skerðing tekjutryggingar og örorkulífeyris á ekki að vera umfram 38,5%. Meðan verið er að skerða örorkulífeyri þá lækkar skerðingarhlutfallið á tekjutryggingu samsvarandi.
- Heimilisuppbót fyrir þá sem halda einir heimili. Skerðingarhlutfall er 11,9%
- Framfærsluuppbót fyrir þá sem sýnt þykir að geta ekki framfleytt sér. Skerðingarhlutfall 100%
- Orlofs- og desemberuppbót. Fastar tölur. Skerðast ekki.

Örorkulífeyrir úr lífeyrissjóðunum er greiðsla sem miðast við að bæta tekjutap vegna örorku. Útgangspunktur er viðmiðunartekjur sem tekjutap er metið út frá. Greiðsla lífeyrissjóða byggir á áunnum réttindum og eftir atvikum réttindum til framreiknings á tekjum. Greiðsla getur hæst numið 56% af viðmiðunartekjum. Greiðsla lífeyrissjóða skerðist ef heildartekjur fara fram úr viðmiðunartekjum (t.d. þegar greiðslur almanna-trygginga og atvinnutekjur bætast við).

## Verkefnið

### Þegar örorkulífeyriskerfið er gagnrýnt heyrast mörg sjónarmið en nefna má

- Greiðslur er samtals of lágar
- Flókið kerfi
- Vantar hvata til að vinna
- Miklar víxlverkanir milli almannatrygginga og lífeyrissjóða
- Kerfið leyfir í ákveðnum tilvikum aðeins takmarkaða kaupmáttaraukningu
- Atvinnutækifæri vantar fyrir öryrkja

Ekki er óeðlilegt að kvartað sé undan báguum kjörum öryrkja þar sem greiðslur til þeirra eru almennt lágar. Greiðslur almannatrygginga til öryrkja þurfa að vera sanngjarnar og í samræmi við eðlilegar lífshjaratengdar viðmiðanir.

Að öðru leyti er mikilvægt að öryrkjar hafi raunverulega hvata til að afla sér tekna og leggja með því meira af mörkum til samfélagsins. Fjárfesting í fólki með bættem hvötum fyrir öryrkja til atvinnu er því skynsamleg leið, ekki síst fyrir öryrkja en líka fyrir samfélagið.

Örorkulífeyrir úr lífeyrissjóðum hefur mikla þýðingu til að hækka tekjur lífeyrisþega. Þokkalegir hvatar eru í núverandi kerfi til að vinna meira þar til tekjur samtals hafa náð viðmiðunartekjum lífeyrissjóða en þær byggja á fyrri tekjum lífeyrisþegans. Hvatairnir eru meiri eftir því sem greiðslur lífeyrissjóðs og viðmiðunartekjur eru hærri.

Þegar viðmiðunartekjum er náð skerðast greiðslur úr lífeyrissjóðum og heildartekjur verða óbreyttar þar til framlag lífeyrissjóða er fallið niður. Þetta er í samræmi við inn-tak tryggingarinnar þar sem framlagið er skilyrt við að tekjutap hafi orðið.

Eftir að greiðslur úr lífeyrissjóðum hafa verið tæmdar eða hafa upphaflega verið engar eða litlar eru skerðingahlutföll og skattar að skapa mikil jaðaráhrif og lítill hvati til aukinnar atvinnuþátttöku. Þá eru komin tækifæri til þess að fjárfesta í fólki með því að skapa hvata til atvinnuþátttöku, sköpun verðmæta, öflunar tekna og skattgreiðslna.

# Tillagan

Skilgreina þarf ENDURKOMULEIÐ inn á vinnumarkaðinn sem tæki til að ná öryrkjum af bótum í vinnu.

Endurkomuleið inn á vinnumarkaðinn byggir á því að gera örorkulífeyrispegum tilboð um ENDURKOMUSAMNING.

- Í stað örorkulífeyris frá Tryggingastofnun er tekið upp sérstakt ENDURKOMUFRAMLAG (neikvæður tekjuskattur: skattfrjáls greiðsla sem virkar eins og útborganlegur persónuafsláttur).
- Samningurinn gæti verið til tveggja ára og þá framlengjanlegur til annarra tveggja ára með því að lækka endurkomuframlagið um þriðjung og síðan aftur um þriðjung til tveggja ára að þeim tíma loknum. Þá er sérstökum stuðningi lokið.
- Öryrkinn á hvenær sem er að geta hætt í samningnum og hafið aftur töku örorkulífeyris eftir þeim reglum sem þar um gilda.

ENDURKOMUSAMNINGUR byggir á því að greiðslur úr lífeyrissjóði séu engar eða óverulega annað hvort vegna þess að réttindin þar eru tæmd eða að réttindin eru hverfandi eða ekki til staðar. Sú útfærsla sem hér er kynnt byggir á vinnudæmi sem er ekki endanleg útfærsla heldur til skýringar á þeirri leið sem unnið er með.

- Settur er upphafspunktur fyrir einstaklinginn þar sem réttindin byggjast á þeirri stöðu sem hann er í, þ.e. hafi með atvinnutekjum og greiðslum frá Tryggingastofnun samtals náð viðmiðunartekjum og greiðslum frá lífeyrissjóðum lokið. Hafi engin réttindi verið til staðar í lífeyrissjóðum er upphafspunkturinn miðaður við núll tekjur.
- Lykiltalan í upphafspunktinum er sú greiðsla sem kemur frá Tryggingastofnun.
- Í vinnudæmi sem unnið hefur verið með er sú tala margfölduð með 0,6855 og útkoman er grunnupphæðin fyrir tekjuskattinn. Þessi upphæð er greidd út en á móti er greiðsla frá Tryggingastofnun felld niður og tekjuskattur reiknaður af atvinnutekjum eingöngu.
- Þetta endurfyrirkomulag lækkar síðan um 17% í framhaldinu út frá upphafsstöðu atvinnutekna.

Einstaklingur á örorkulífeyri fær með ENDURKOMULEIÐINNI mun betri hvata til að auka tekjur sínar. Í þeim vinnudæmum sem unnið er út frá myndi öryrki sem ekki er með nein eða hverfandi réttindi úr lífeyrissjóðum auka verulega við ráðstöfunartekjur sínar í endurkomuleið um leið og atvinnutekjur eru komnar yfir 100 þúsund krónur á mánuði. Þegar öryrki er með greiðslur frá lífeyrissjóðum borgar sig að gera endurkomusamning um leið og viðmiðunartekjum hefur verið náð og greiðslur frá sjóðunum tæmdar. Auknar skattgreiðslur leiða hins vegar til þess að ríkið hagnast alltaf á því að einstaklingurinn auki tekjur sínar og fjárfesting í fólki með þessum hætti borgar sig fljótt fyrir samfélagið.

Styðja þarf við möguleika öryrkja á vinnumarkaðnum með því að bjóða upp á fjölbreyttari atvinnutækifæri. Hlutastörf þurfa að vera í boði og hvetja þarf fyrirtæki og stofnanir til að vinna með öðrum aðilum til þess að taka á móti öryrkjum í vinnu og aðlaga vinnuaðstæður eftir því sem við á og hægt er. Sérstakt hvatakerfi getur verið nauðsynlegt til þess að auka líkur á árangri.

**Dæmi 1 – einstaklingur- býr einn**  
**Aldur 20 – Engin lífeyrisréttindi**

Atvinnutekjur	Útgreitt nú	Nettó ríki	Útgr. með EKF	Nettó ríki
0	300.409	-300.409	251.001	-251.001
100.000	329.889	-229.889	334.001	-234.001
200.000	363.156	-163.156	404.893	-204.893
300.000	380.118	-80.118	456.443	-156.443
400.000	394.816	5.184	505.028	-105.028

**Dæmi 2 – Einstaklingur býr einn**  
**Aldur 40 – Isj. 100.000 - Viðmt. 400.000**

Atvinnutekjur	Lífeyrissjóður	Útgreitt nú	Nettó ríki nú	Útgreitt m EKF	Nettó m EKF
0	100.000	308.390	-208.390		
100.000	31.000	321.690	-190.690		
150.000	0	321.764	-171.764	321.470	-171.470
200.000		336.869	-136.869	350.863	-150.862
300.000		365.092	-65.092	402.412	-102.412
400.000		392.975	7.025	450.648	-50.648

**Dæmi 3 – Einstaklingur með maka**  
**Aldur 50 – LSJ 200.000 - Viðmt 400.000**

Atvinnutekjur	Lífeyrissjóður	Útgreitt nú	Nettó ríki nú	Útgreitt m EKF	Nettó m EKF
0	200.000	298.508	-89.508		
100.000	122.000	321.771	-99.771		
200.000	21.000	322.149	-101.149		
234.000	0	321.824	-87.824	325.153	-91.153
300.000		346.048	-46.048	359.176	-59.176
400.000		382.750	17.250	407.412	-7.412
500.000		383.728	116.272	452.462	47.538